



Handbók um Hlöðu Verklagsreglur og leiðbeiningar fyrir starfsmenn og leigutaka



Efnisyfirlit

Hlutverk starfsmanns / starfsmanna Hlöðunnar	3
Umgengni og frágangur	4
Kaffivélar	6
Uppþvottavél	6
Ísskápar	7
Kastarar	7
Micar	7
Skjávarpi	7
Ræsting í Hlöðunni eftir viðburði	8

Hlutverk starfsmanns / starfsmanna Hlöðunnar

Starfsmaður 1 / ef eingöngu er 1 starfsmaður á viðburði þá eru þetta þau verkefni sem hann sinnir:

- Sýnir leigutaka hljóðkerfið og myndvarpa (bendir á handbók í diskóbúri).
- Er leigutaka innanhandar með tæknimál.
- Sér um að hella upp á kaffi og setja á litlar könnur ef þess er óskað.
- Aðstoðar við að hita upp veitingar.
- Aðstoðar við að bera fram og stilla upp veitingaborði (fyrir viðburð)
 - Eingöngu ef tími vinnst til vegna annarra verkefna.

Sjá einnig verklagsreglur varðandi frágang í handbók Hlöðunnar. Starfsmaður fer yfir verklagsreglurnar með leigutaka og sér um að þeim sé fylgt.

Starfsmaður 2 / viðbótarverkefni ef starfsmenn á vegum Gufunesbæjar eru 2.

- Aðstoðar við að bera niður leirtau sem nýta á.
- Aðstoðar við að stilla upp veitingaborði / bera niður veitingar.
- Aðstoðar í veislunni/á viðburðinum við að taka af borðum og að fylla á hlaðborð.

Umgengni og frágangur

- Vaska upp allt leirtau og setja í uppþvottavél.
 - ✓ Athuga það þarf að þurrka leirtauið áður en gengið er frá því.
- Ganga frá öllu leirtaui á viðeigandi stað.
- Sjá til þess að eldhúsið sé hreint og búið að ganga frá öllu eins og komið var að því.
- Þrifa og tæma uppþvottavélina, skv leiðbeiningum.
- Setja óhreinar tuskur/viskastykki í poka og skilja eftir í ræstikompu.
- Þurrka af öllum borðum í sal með rakri tusku.
- Setja alla stóla í grindur.
- Raða hvítum borðum meðfram veggjum (setja tvö og tvö saman, annað á hvolf ofan á það borð sem stendur á gólfi).
- 2 stór brún borð skulu vera í anddyri og 1 lítið brúnt borð inn í sal.
- Fjarlægja allt rusl þ.m.t. rusl af salernum og setja í ruslatunnur sem staðsettar eru fyrir ofan Hlöðuna.
- Ganga vel frá diskóbúri.
 - ✓ Allar tengingar/stillingar í upprunalegri stillingu.
 - ✓ Snúrur, mikkrofónar, fjarstýringar og aðrir fylgihlutir á viðeigandi staði.
 - ✓ Slökkva á öllum tækjum.
- Moppa eða sópa öll gólf (á Hlöðulofti, niður stiga, salinn, salerni, diskóbúr og anddyri).
- Hafi myndir eða annað verið hengt upp á vegg í Hlöðunni skal leigutaki tryggja að ekki verði afgangs límband á veggjum (ath. ef kennaratyggjó hefur verið notað þarf að þrifa sérstaklega vel bletti sem það skilur eftir sig).
- Loka glugga á Hlöðulofti.
- Slökkva öll ljós, í eldhúsi, diskóbúri, sal, salernum og anddyri.
- Ganga á alla glugga og hurðir og sjá til þess að allt sé læst (athuga sérstaklega vel hurðar í sal og tvöfalda hurð í anddyri).
- Draga gardínur niður.
- Virkja öryggiskerfi.

Skilja þarf við salinn tilbúnum til ræstingar. Ef þrif og frágangur er ekki í samræmi við kröfur getur það lent á leigutaka að borga aukalega fyrir frágang.

Tilkynna skal í síma 411 5600 ef tjón verður á útbúnaði í Hlöðunni.

Hægt er að nálgast óskilamuni í Gufunesbæ næsta virka dag eftir viðburð.

Kaffivélar

- Setja 2,2 lítra af vatni í kaffivélina (sjá bláa vatnskönnu við kaffibox)
- Kaffipokar eru í neðstu skúffu við gluggann (einnig eru þeir stundum uppi á hillu fyrir ofan kaffivél)
- Setja 8 rúmlega sléttar mæliskeiðar af kaffi (mæliskeið er í kaffiboxi)
- Leigutaki á að koma bæði með kaffi / te og mjólk með sér á viðburð.

Uppþvottavél

Kveikja

- Opna vélina og sjá til þess að sigtið sé fast í botninum. Sé það laust skal festa það með því að ýta tappanum (hægra megin á sigtinu) niður og snúa til hægri þar til hann festist.
- Ýta á græna takkann (lengst til vinstri) þá kviknar ljós á honum, bíða skal eftir að vélin fylli sig af vatni – hafa vélina lokaða á meðan. (tekur u.þ.b. 3 mín)
- Þegar vatn er komið í botn vélarinnar er hægt að byrja að nota hana. Bakkar undir leirtau eru hægra megin við vaskinn. Setja 1 msk af uppþvottavéladufti í vélina. Þegar búíð er að fylla bakkann og setja inn í vélina er ýtt á takkann lengst til hægri (með hring á) til að setja hana í gang.
- Skipta þarf um vatn eftir 5 – 6 þvotta.

Slökkva/tæma

- Opna vélina.
- Snúa tappanum á sigtinu til vinstri svo að sigtið losni. Hreinsa skal sigtið ef að einhver óhreinindi eru í því og leggja það svo aftur á sinn stað – án þess að festa það.
- Hafa vélina opna og kveikt á græna takkanum. Halda skal takkanum lengst til hægri (með hringnum á) inni í 5 sek eða þar til vélin byrjar að tæma sig. Tekur það u.þ.b. 3 mín.
- Þegar vélin er búin að tæma sig skal festa sigtið aftur, loka vélinni og slökkva á græna takkanum.

Ísskápar

- Ef áfengi er sett í ísskápa, þá þarf að taka hillur úr ísskápunum.
- Hillurnar þola ekki að staflað sé á þær.
- Að viðburði loknum skal allt fjarlæggt úr ísskápum.

Kastarar

- Kveikja á tökkum á ljósmagnara (er uppi á hillu). **Ýta öllum tökkum til VINSTRI**
- Ljós mixer (box á vegg (svarta/stál)) með chase 1 til chase 6: **Kveikt á on takka** (takki ofan á boxinu)
 - **chase 1 og chase 2** = svartir kastarar sem beina ljósi á svið:
 - **Ýta tökkunum og master upp**
 - **chase 3, chase 4, chase 5, chase 6** = kastarar fyrir ofan svið (rauðir og bláir). **Ýta tökkum upp.** (+ speed upp ef blikka)
- Slökkva á tökkum á ljósmagnara (sem er uppi á hillu). **Ýta öllum tökkum til HÆGRI**
- Slökkva á ljós mixer (box á vegg (svarta(stál))). **Slökkt á of takka** (takki ofan á boxinu)

Micar

- Tveir þráðlausir micar eru í læstu boxi í diskó-búri, einnig eru 2 micar með snúru (starfsmaður sér um að sækja þá).
- Sjá handbók varðandi stillingu mica (tækja-hljóð-borð = lesa á takkana, merktir lausir micar, ýta þeim tökkum upp. 3 takkar lengst til hægri fara ¼ upp).

Skjávarpi

- Kveikja á rofa á vegg hægra-megin í diskó-búri (rofi merktur SKJÁVARPI).
- Snúa rofa (hringur) h-megin á vegg í diskó-búri (fyrir ofan rofa merktur Skjávarpi) til að setja tjaldið niður.
- Kveikja á skjávarpanum með fjarstýringu og velja 1 = ef tengja á fartölvu við skjávarpa. Velja 2 = ef tengja á skjávarpa við tölvu í diskó-búri.
- Setja Hdmi/VGA-snúru í samband í vegg og tölvu til að tengjast skjávarpa.
- Setja hljóðsnúru í vegg ef nota á hljóð úr tölvu. Eingöngu þarf að nota hljóðsnúru ef verið er að nota VGA tengingu.
- Nota bendi sem er geymdur í læstu boxi í diskó-búri (starfsmaður sér um).
- Muna að ganga frá snúrum og fjarstýringu í skúffu í diskó-búri.
- Starfsmaður gengur frá bendi í læst box í diskó-búri.

Ræsting í Hlöðunni eftir viðburði

Efri hæð

- Sópa allt uppi
- Þurrka af öllum borðum og sjónvarpsskáp
- Moppa stigann
- Skúra efri hæð + stiga (ef þarf, annars bletta)

Neðri hæð

- Moppa sal með moppu-skærum / eða sópa
- Sópa anddyri og ryksuga mottur
- Blettahreinsa sal með rakri moppu, skúra anddyri og salerni
- Þrifa klósett, vaska og ofan á handþurrkukassa, wckassa, sápuvaski + ljósum á WC
- Fylla á klósettpappír og handþurrkur
- Þrifa rúður í hurðum (inni og útihurðar) með spreji og moppuskaftri.
- Þurrka af listum í salnum

Diskóbúr

- Þurrka af borðum
- Þrifa glerið í diskóbúri með viðeigandi spreji (í ræstingageymslu er moppuskaftr sem hægt er að nýta við þessi þrif).
- Setja snúrur á viðeigandi staði og tryggja að slökkt sé á öllum tækjum

Útisvæði

- Losa ruslatunnur á útisvæði og setja í ruslatunnur fyrir ofan Hlöðuna
- Losa stubbabox
- Taka rusl upp í kringum Hlöðuna (stubba, dósir, flöskur og annað rusl)

Tryggja að allar hurðar séu lokaðar og læstar og gluggi á efri hæð lokaður.